


Ísafjarðarbær
MÓTTEKID

20. júní 2018

Málsnr. 2018-06-0025
Frumrit - skilist til skjalasafns

Skýrsla um starfsemina fyrir starfsárið 2017



Efnisyfirlit

Skýrsla um starfsemina fyrir starfsárið 2017	1
Frá formanni stjórnar	3
Stjórn og fundir	4
Stefnumál	5
Starfsmannamál	6
Safnið	7
Refaskoðanur/ljósmyndaferðir	8
Stofnfélagar og hlutafé	9
Fjármál	10

Frá formanni stjórnar

Þau tímamót urðu síðasta haust að 10 ár voru liðin frá því félagið Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað í Súðavík, þann 15. september 2007.

Meðal stofnfélaga voru 39 einstaklingar, fyrirtæki og sveitafélög. Það sem sameinaði hópinn og hefur ætioð gert síðan var að hjarta okkar sló hér í Eyrardal í Melrakkasetrinu. Á þessum tíma var ekki mikil um að ferðamenn væru tilbúnir til að leggja á sig ferðalög til að sjá melrakka eða læra um þá. Það þótti djarft en frumlegt að koma á gestastofu með fræðslu og viðburðum í tengslum við refinn en baklandið stóð sem klettur á bakvið ævintýrið og hér stöndum við nú, nýbúin að fagna átta ára opnunarafrmæli og sumarstarfið komið á fullt. Því miður hafa bakhjarlar okkar enn tapað tölunni en skammt er að minnast þess er Guðjón Arnar Kristjánsson, einn af stofnfélögum Melrakkaseturs, felli frá síðla vetrar. Hans er sárt saknað núna enda mætti hann yfirleitt á aðalfundi og fylgdist vel með.

Langtímarkmið með stofnun setursins voru metnaðarfull: að setja upp sýningu fyrir ferðamenn þar sem yrði á boðstólinum fræðandi efni um tegundina í máli og myndum, að stuðla að rannsóknum á líffræði tegundarinnar og þróun sjálfbærrar náttúrulífs-ferðamennsku. Okkar hlutverk í því skyni hefur verið að athuga samband ferðamanna og refa og meta áhrif ferðamanna á lífshætti þeirra. Tilgangurinn var að finna leiðir til að hámarka gæði og lágmarka neikvæð áhrif slíkrar ferðamennsku og gefa út leiðbeiningar til ferðapjóna til að auka sjálfbærni þeirra í sílikum ferðum. Nú erum við að leggja af stað í 10 skipti til Hornvíkur til að meta ástandið og ég er jafnframt að fagna 20 ára rannsóknararfæli mínu með refum á Hornströndum.

Í þessu samhengi langar mig að nefna að í vikunni kom flennistór mynd á baksíðu morgunblaðsins sem vakti athygli. Myndin var gríðar vel tekin og sýndi mórauða tófu á hlaupum yfir á, með yrðling í kjaftinum. Myndin hefði líklega verið á forsíðunni ef ekki væri fyrir fótboltann og HM í Rússlandi. Þessi mynd sýnir einmitt það sem við höfum komist að, hvernig truflun á viðkvæmum tíma getur valdið því að dýrin telja sér ógnað og eyða dýrmætum tíma og orku í að flytja þau á annan stað til að forðast þá hættu sem þeir óttast. Melrakkasetrið, ásamt Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun hafa gefið út leiðbeiningar til þeirra sem vilja skoða eða sýna refi. Á viðtali við ljósmyndarann sem tók þessa fallegu mynd er ljóst að ekki var farið eftir þessum leiðbeiningum og dýrið var elt í amk 2 klst. Svona refaskoðun er mjög ósjálfbær því búast má við því að dýrin verði stygg og erfitt að nálgast þau, fyrir þá sem vilja sjá eða sýna refi. Í kjölfarið á myndbirtingunni var send út yfirlýsing frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Þar er m.a. mælst til þess að fólk fari í Melrakkasetrið til að kynna sér lífshætti refa, sé ætlunin að fara að skoða þá. Þetta er einstakt að mínu mati og við ættum að nýta tækifærið og hvetja fólk til að fara að þessum tilmælum. Við höfum eytt ómældum fjármunum, með stuðningi opinberra aðila, í að komast að þessum niðurstöðum og nú er litin til Melrakkasetursins og fólkis beint þangað til fræðslu og upplýsinga. Við þurfum að standa undir þeim væntingum og trausti sem okkur er sýnt, vanda til verka og vera samkvæm okkur og okkar stefnu.

Ég er ótrúlega ánægð með að vera hluti af samfélaginu Melrakkasetur Íslands og þakka það traust sem mér hefur verið sýnt, að fá að leiða verkefnið frá upphafi.

Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður stjórnar

Stjórn og fundir

Árið 2017 var stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf þannig skipuð: Ester Rut Unnsteinsdóttir, Kristján Andri, Salvar Baldursson, Genka Yordanova, Steinn Ingi Kjartansson. Til vara var Pétur Markan. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Ester formaður stjórnar og Steinn Ingi ritari, aðrir stjórnarmenn voru meðstjórnendur. Reikningaskoðandar eru Daníel Jakobsson og Elias Oddsson. Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á eina mánaða fresti á síðastliðnu ári. Stjórn, að hluta eða í heild, sat einnig ýmsa fundi með samstarfs og/eða opinberum aðilum.

Stefnumál

Eitt aðalmarkmið Melrakkasetursins er að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðapjónustu. Við viljum vekja athygli á tegundinni sem einkennisdýri Vestfjarða. Ennfremur stuðlar setrið að og tekur virkan þátt í þverfaglegum rannsóknum á tegundinni á okkar eigin veginn og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir.

Melrakkasetrið vinnur skv. sjálfbærri hugmyndafræði og leitast við að:

- vera til fyrirmynadar og veita fræðslu í umgengni við náttúruna.
- afla og miðla þekkingu um vistkerfi og samsplil lífvera í umhverfinu.
- taka þátt í samstarfi og verndaráætlunum um viðkvæm náttúrusvæði.
- byggja upp á sjálfbærar hátt þá auðlind sem felst í náttúru og dýralífi svæðisins.
- velja vörur og þjónustu úr héraði, ef kostur er.
- skapa störf í heimabyggð.
- vera virk í samstarfi við vísindamenn og opinberar rannsóknastofnanir.
- taka virkan þátt í samfélaginu með því að veita nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsstigi fræðslu og tækifæri til frumkvöðla-vinnu og samstarfs.
- bjóða grunnskólabörnum öll landsins og allir í Súðavík ókeypis aðgang að sýningu setursins.

Starfsmannamál

Stephen James Midgley sinnti starfi framkvæmdastjóra eins og áður í fullu starfi og allt árið.

Frá maí til September voru ráðin 5 manns, Karlotta Dúfa Markan sem Eyrardalsstjóri, síðan Andrea Garðardóttir, Hákon Arnarsson, Attila Karoos og Slavyan Yordanov sem almennt starfsmenn í setrinu.

Grayson Del Faro var ráðin í gegnum styrk frá Rannís til að sýna rannsóknin á menninga tengslun refsins og íslandingar síðan landnáms. Frá rannsóknin hans var uppfært veiðimannasýning á efri hæðinu safnsins.

Safnið

Árið 2017 var sýningin Melrakkaseturs hiemsót af um 12,500 borgandi mannesku (s.s folk yfir 15ára) sem þýðir að um 14,000 manns hefði verið á setrinu til að skoða sýningin, fá upplýsingar um svæðið eða að nota kaffihússins.

Af þessi tölur voru um 2,700manns frá skipulegað ferðir frá skemmtiferðaskipum sem fara á bryggju við Ísafirð og um 500 frá öðrum skipulegt ferðir frá ferðaskriftorfum hér- og erlendis frá.

Til að undirbúa fyrir þessi mannfjöldi var golfin í Eyrardalsbær húsið pussað og ólíu sett á honum í mars af Magga smíður og líka nýja giðning uppset í kringum Eyrardals landið. Málóð var bílaplanninu og pallinu. Sett up voru nýja upplýsingaplakort í safnið með ljósmyndum frá vinnir okkar Phil Garcia og David Gibbon meðal annars.

Refaskoðanur/ljósmyndaferðir

Árið 2017 voru farin á 9 vetrar ferðir til Hornstrandir í samstarfi við BOREA Adventures, 8 í milli feb-apr og 1 í nov.

Hvert hóp var af 4-7 manns sem dvöl 5-7 daga við Kvíar í Jökulferðir. Flestir hópur heimsótt setrinu fyrir en farin út var til Hornstrandir og fólkid kynnt um refurinn og hvernig var best að haga sér í kringum þeim í nátúrunni.

Á sumar til voru margir refaskoðunardagsferðir undirtekið annað hvort við BOREA eða Vesturferðir þó sem það var ekki notuð starfsmenn setursins til að leiðsegin þessum ferðum.

Stofnfélagar og hlutafé

Stofnendur samkvæmt stofnundi félagsins þann 15. september 2007 eru 43 talsins og skrifuðu sig fyrir samtals kr. 2.110.000,- í hlutafé. Hlutafé skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð tíuþúsund krónur að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Stærsti hluthafinn er Súðavíkurhreppur með 1.100.000,- í stofnfé. Á aðalfundi félagsins í maí 2010 var ákveðið að hækka hlutafé félagsins upp í 5 milljónir. Hlutafé var boðið til sölu í desember 2010 eftir að stofnfélagar höfðu haft tækifæri til að nýta sér forkaupsrétt sínn. Alls seldist nýtt hlutafé fyrir 1.165.501,- kr. sem greitt hafði verið fyrir áramót 2011-12. Síðan þá hefur bæst við greitt hlutafé og er það nú komið í 3.855.501,- kr.

Enn eru nýjir hluthafar að bætast í hópinn og enn eru til hlutabréf til sölu. Gaman er að segja frá því að hlutabréf í Melrakkasetri hafa verið notuð til gjafa, bæði til yngra og eldra fólks og þykir okkur sérstaklega vænt um að fá þannig fyrirspurnir. Kaup á hlutafé er í raun stuðningsfirlýsing og eru hluthafarnir okkar nú orðnir 65 talsins

Fjármál

Reksturs setursins fór ágætlega ýfir árið með hagnaður fyrir árið 2017 reiknað á 463,491kr.

Tekjur safnsins var aðeins meira en 2016 á 24,757,279kr frá 24,479,915kr

Reksturargjöld var þó talsvert meira upp á 24,069,618kr frá 20,652,951kr í 2016. Þessi hækun vara f mestulagi frá fjárfesting í uppbygingar og viðhald hússins í Eyrardalur. Nýja girðningin var byggt og golfið pussað og málað